

77. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn fimmtudaginn 31. ágúst 2017.

Fundargerð

Fundurinn haldinn á Reyðarfirði og í síma og hófst kl. 14:30

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar: Jón Björn Hákonarson (JBH), Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannesson (GJ), Adolf Guðmundsson (AG), Sæunn Stefánsdóttir (SS).

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 76
2. Fundaáætlun 2017/2018
3. Háskólasetur, skipunarbréf
4. Skipulag innanlandsflugs, skipunarbréf
5. Tilnefning í verkefniráð Kröflulínu
6. Samningur við SSA, staða mála
7. Staða ýmissa verkefna
 - a) Samningur við MMR
 - b) Innanlandsflug, málþing 4. okt
 - c) Ferðamaðurinn eða fjárfestingin, málþing 12. Okt
 - d) Austurland 2050, málþing 10. nóv.
 - e) Millilandaflug, flugþróunarsjóður
 - f) Orkuverkefnið
 - g) Áfangastaðurinn Austurland, DMP
8. Rekstrarmál Austurbrúar
 - a) Bifreiðar og akstur
 - b) Hækkun iðgjalds í LSR, lögfræðileg álitagerð
 - c) Bókaðar tekjur/kostnaður í DK 6 mánuðir
 - d) Mannauðsmál
9. Önnur mál

Formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

1. Staðfesting fundargerðar nr. 76

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 76.

2. Fundaáætlun 2017/2018

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að fundaáætlun. Ákveðið er að stefna að aðalfundi Austurbrúar í mars og stjórnarfundir séu að jafnaði síðasta þriðjudag í mánuði.

Adolf Guðmundsson kom inn á fundinn.

3. Háskólasetur, tilnefning í stýrihóp

Erindi hefur borist frá Fjarðabyggð varðandi málefni háskólaseturs og það lagt fram til kynningar. Málinu frestað og óskað eftir að bærarstjóri Fjarðabyggðar kynni það frekar fyrir stjórn Austurbrúar og SSA.

4. Skipulag innanlandsflugs, skipunarbréf

Stjórn fagnar skipun framkvæmdastjóra Austurbrúar í starfshóp um innanlandsflug.

5. Tilnefning í verkefnisráð Kröflulínu

Stjórn tilnefnir Svein Jónsson sem fulltrúa stofnunarinnar í samráðsvettvang hagsmunaaðila vegna Kröflulínu 3.

6. Samningur við SSA, staða mála

Farið yfir málefni tengd þjónustu Austurbrúar og SSA. Fyrir liggur að SSA er að skoða framtíðarform starfs SSA og Austurbrúar og mun það liggja fyrir eftir aðalfund SSA. Málið tekið upp að nýju þegar niðurstaða SSA liggur fyrir.

Framkvæmdastjóri vék af fundi undir þessum lið.

7. Staða ýmissa verkefna

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu ýmissa verkefna sem unnið er að innan Austurbrúar.

- a) Samningur við MMR
Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda formlegt erindi til MMR um gerð nýs samnings við Austurbrú frá 1. janúar 2018. Jafnframt er óskað eftir fundi með menntamálaráðherra.
- b) Innanlandsflug, málþing 4. okt
Framkvæmdastjóri kynnti málþing í Reykjavík sem Austurbrú vinnur að í samstarfi við önnur atvinnuþróunarfélög, Byggðastofnun o.fl. um innanlandsflug sem almenningsamgöngur.
- c) Ferðamaðurinn eða fjárfestingin, málþing 12. okt
Framkvæmdastjóri kynnti málþing í Reykjavík sem Austurbrú vinnur að í samstarfi við aðrar markaðsstofur.
- d) Austurland 2050, málþing 10. nóv.
Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir um málþing á Austurlandi og aðkomu Austurbrúar að skipulagningu þess.
- e) Millilandaflug, flugþróunarsjóður
Framkvæmdastjóri kynnti það starf sem unnið er innan flugþróunarsjóðs og þær áherslur sem unnið er að í starfi sjóðsins. Framkvæmdastjóri situr í stjórn sjóðsins.
- f) Orkuskipti á Austurlandi
Framkvæmdastjóri kynnti aðkomu Landsnets að verkefninu Orkuskipti á Austurlandi. Stjórn fagnar aðkomu Landsnets að verkefninu.
- g) Áfangastaðurinn Austurland, DMP
Framkvæmdastjóri kynnti stofnun faghóp i kringum verkefnið Áfangastaðinn Austurland. Stefnt er að fundi faghópsins í september og að hann komi saman 3-4 sinnum á ári.

8. Rekstrarmál Austurbrúar

- a) Bifreiðar og akstur
Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til kaupa og fjármögnunar á bifreiðum í samræmi við þarfir stofnunarinnar.

- b) Hækkun iðgjalds í LSR, lögfræðileg álitssgerð
Lagt fram til kynningar
- c) Bókaðar tekjur/kostnaður í DK 6 mánuðir
Lagt fram til kynningar
- d) Mannauðsmál
Stjórn býður nýja starfsmenn velkomna til stafa innan stofnunarinnar og þakkar þeim starfsmönnum sem lokið hafa störfum fyrir vel unnin störf í þágu Austurbrúar.

9. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 16:30

Jón Björn Hákonarson

Sigrún Blöndal

Adolf Guðmundsson

Gauti Jóhannesson

Sæunn Stefánsdóttir